

Ritfregn

Helgi Guðmundsson

Þeir máluðu bæinn rauðan.

Saga vinstri hreyfingar á Norðfirði

Mál og menning 1990. 304 bls.

Á undanförunum árum hafa Norðfirðingar beðið óþreyjufullir eftir því að saga byggðarlagsins kæmist á prent. Eflaust hafa því margir fagnað þegar bók Helga Guðmundssonar kom út á síðasta ári, þótt ekki reki hún sögu Norðfjarðar nema að takmörkuðu leyti. Helgi heldur að mestu við sögu vinstri hreyfingar á Norðfirði og þeirra einstaklinga sem fremstir voru í samtökum sósíalista. En þegar haft er í huga að vinstri menn hafa svo að segja ráðið ríkjum í bænum alla tíð frá 1925 er ljóst að þessi saga spannar allan tíma kaupstaðarins á Nesi og vel það. Sjónarhornið er þó að mestu þrengt við stjórnsmál og verkalýðsbaráttu innan bæjar, en jafnframt víkkað til þess að ná tengslum við þau sömu mál á landsvísu. Þessi bók kemur því engan veginn í stað almennrar byggðasögu Norðfjarðar, enda alls ekki ætlað það, en hún er gott innlegg í þá sögu og nær jafnframt útfyrir hana.

Það er hins vegar ekki sagnfræðingur heldur blaðamaður sem heldur á penna. Helgi segir frá því í eftirmála að hann hafi hugleitt þann möguleika að skrifa viðtalsbók við þá Jóhannes Stefánsson og Lúðvík Jósefsson. Bókin ber þess líka merki að mikið er byggt á viðtölum við þá, og vart fer á milli mála að ásamt Bjarna Þórðarsyni er það þeir „sem máluðu bæinn rauðan“ að mati sögumanns. Hlutur Jóhannesar er þó stærstur í bókinni, og er það eðlilegt þar eð Bjarni er látinn en Lúðvík starfaði mest að landsmálum. Það er skemmtilega athugað hjá Helga hvernig verkaskipting þeirra á milli hélzt alla tíð frá því hún var ákveðin á fundi í kommúnistadeildinni vorið 1936: „Lúðvík átti að skoða fjármálapólitíkina í stærra samhengi, Bjarni að huga að orðum og efndum í sveitastjórnarmálum og Jóhannes að kanna atvinnureksturinn“ (111). Frásagnir þeirra Jóhannesar og Lúðvíks gefa bókinni skemmtilegan blæ, því þeir segja vel frá og byggja vitaskuld á eigin reynslu. Um leið dregur þetta úr hlutlægni bókarinnar því þeir horfa óhjákvæmilega á atburðina frá eigin bæjardyrum og meta þýðingu þeirra eftir því. Þetta á sérstaklega við þegar menn sem beinna hagsmuna áttu að gæta eru látnir skýra atburðarás sem ávallt hlýtur að vera pólitískt umdeild. (Til dæmis þegar Jóhannes skýrir ástæður þess að Pan var lagt niður) (201-02). Höfundur gerir yfirleitt ekki tilraun til þess að draga söguskýringar heimildarmanna sinna í efa, enda er það ætlun hans að byggja á sögunni „sem þeir félagar hafa sagt“ (296). Bókin er því ekki sagnfræði, enda segist Helgi ekki kunna „skil á vísindalegum vinnubrögðum sagnfræðinga“ (297) heldur er hún fremur þaulunnin viðtalsbók þar sem höfundur tekur sjónarmið viðmælenda sinna gott og gilt. Raunar væri bókin allt annars eðlis án þeirra fjölmörgu viðtala sem í henni eru við fólk sem

lifði þá atburði er hún rekur. Og ekki hefði ég viljað skipta á hlutlægarí vinnubrögðum og þessum persónulega stíl því hann fjörgar mjög bókina þótt hann rýri fræðilegt gildi hennar.

Svona frásagnaraðferð nær líka að bregða annarri birtu á atburði en hefðbundin sagnfræði. Sérstaklega nýtur hún sín vel þegar sagt er frá lífsskilyrðum fólks fyrr á árum. Í bókinni bregður oft fyrir áhrifamikilli aldarfarslýsingu frá þriðja og fjórða áratugnum sem einkenndist af mikilli fátækt og réttleysi alþýðu manna. Frásagnir Jóhannesar af heimilishögum og kjörum foreldra sinna á uppvaxtarárum sínum eru ómetanlegar. Atvinnuöryggi var lítið og afkoman gat verið komin undir misjöfnum velvilja fáeinna auðugra atvinnurekenda. Það er því engin furða að hugmyndir jafnaðarmanna hafi höfðað vel til verkafólks í íslenzku sjávarplássi á þessum tímum. Inn í þessar aðstæður talar Jónas Guðmundsson líkt og lausnari alþýðunnar og gagnrýni hans hittir í mark: „Þeir menn, sem auðugastir hafa verið, hafa átt alt og ráðið öllu fram á síðustu ár. Þeim hefur aldrei dottið í hug að líta á hagsmuni bæjarfélagsins og reyna að hlynna að þeim.“ Vegna þessa er í bænnum ekkert til „sem er almenningseign. Enginn hefur hingað til beitt sjer fyrir því, að bæjarfélagið eignaðist neitt, að það yrði öflugt og gæti veitt borgurunum stoð og styrk, þegar í harðbakka slæi fyrir þeim“ (51). Það segir sitt um sorglega sögu vinstri hreyfingar á Íslandi að Jónas átti síðar eftir að verða höfuðandstæðingur kommúnista í norðfirzkri verklýðs- og valdabaráttu. Þessi átök endurspeglar söguna á landsvísu, en á þessum árum urðu afdrifaríkustu atburðirnir í sögu íslenzkrar vinstrihreyfingar og sem hafa lamað hana alla tíð síðan. Gagnlegt og gaman hefði verið að fá frásagnarhlið Jónasar heitins Guðmundsonar á þá framvindu sem lýst er í bókinni. Hann virðist hafa verið áhrifamikill leiðtogi og gengi kommúnista til að ná ítökum sveiflast eftir því hvort Jónas var innanbæjar eða ekki. Þeim hefur því verið mikið í mun að losna við hann.

Mikið líf hefur verið í stjórnmálabaráttunni á þessum árum. Fundagleði manna er með ólíkindum og blaðaútgáfa blómstrar. Þetta kann að vera ástæðan fyrir því að sósíalistar virðast stundum sakna þessara tíma þegar hægt var að virkja verkafólk til baráttu. En deyfð alls félagsstarfs nú á tímum á sér eflaust þá skýringu að réttleysi og fátækt hafa nær verið upprætt og velsældin hefur vaggast mönnum í værd. Rauðliðar eins og þeir Bjarni, Jóhannes, og Lúðvík, eru börn síns tíma og margar hugmyndir þeirra þættu ankannalegar nú á dögum. Sumpart er það vegna þess að kommúnískur eldmóður með „ofurefli öreiganna“ (265) í farteskinu er orðinn hjáróma af margvíslegum ástæðum sem ekki er hægt að ræða hér. En sumpart er það vegna þess að sú samtvinnum á pólitík og lífsskoðun sem þeir boðuðu á ekki lengur upp á pallborðið og þykir raunar ganga of nærri persónufrelsi fólks. „Það hefur alltaf verið mín skoðun,“ segir Lúðvík, „að bindindi sé pólitík og það væri ein okkar skylda að rífa menn upp úr sljóleikanum, rífa menn upp úr fátæktinni, rífa menn upp úr brennivíninu og vera á móti því allan hátt“ (149). Lúðvík segir þá hafa unnið tiltrú margra vegna þessa viðhorfs og er eftirsjá að slíkri afstöðu í íslenzkri pólitík.

Í ljósi þessa er það athyglisvert að Helgi Guðmundsson telur lykilinn að velgengni kommúnista í Neskaupstað vera þann að hugmyndir hafi lítið þvælt fyrir þeim: „forystulið Sósíalístaflokksins og síðar Alþýðubandalagsins hafi hugsað meir um hagnýtar lausnir á hinum margvíslegu málum sem þeir þurftu að glíma við, en hitt hvort lausnirnar féllu að fyrirskrifuðum fræðum“ (285). Allt frá því að þeir „sömdu sig til valda“ (148) með íhaldinu árið 1938 hafi þeir rekið sveigjanlega pólitík sem stefndi að því að halda völdum í bænum. Gott dæmi um þetta er margvísleg samvinna við norðfirzka útgerðarmenn, bæði í Sún og um rekstur togaranna. Einnig er ljóst að bæði pólitísk (Nýsköpunarstjórnin) og efnahagsleg þróun í landinu á fimmta áratugnum vann með sósíalístum og skóp þeim skilyrði til þess að vinna markvisst að uppbyggingu atvinnulífs og félagslegrar þjónustu. Ofan á þetta bætist síðan ótrúleg eljusemi til að vinna og viðhalda fylgi. Vaktin um völd og áhrif var stunduð jöfnum höndum í félagsmálum, í fyrirtækjum og inná heimilinum. Eflaust hefur það verið rauðliðunum mjög til framdráttar hversu mikinn þátt þeir tóku í íþróttum og æskulýðsmálum þar sem pólitísk forvinna var jafnframt innt af hendi: „við vorum svo pólitískir um þetta leyti,“ segir Jóhannes, „að allt sem maður var að gera, eins og að leggja á sig mikla vinnu á félagsmálasviði, var liður í því að leita eftir fylgi, ná áhrifum“ (112). Eins og fram kemur í athyglisverðri frásögn Soffíu Björgúlfsdóttur (284) var heimili þeirra Jóhannesar nánast undirlagt vegna pólitískra umsvifa hans. Það má því geta nærri hvernig unnið hefur verið að því að treysta fylgið á vettvangi atvinnulífs og stjórn mála þar sem ávallt er tilhneiging til að hygla flokksgæðingum og fylgispöku fólki. Þann þátt ræðir Helgi hins vegar ekki í bókinni.

Allt hefur þetta lagzt á eitt til að treysta völd sósíalista í Neskaupstað. En hvernig fóru þeir með þessi völd? Félagshyggjan í Neskaupstað kemur ef til vill bezt fram í því hve myndarlega hefur verið staðið að byggingu stofnana eins og barnaskólans, sundlaugarinnar, sjúkrahússins og dagvistar fyrir börn. Í bókinni leggur Helgi þó mest upp úr því að svara þeirri spurningu hvort rauðliðarnir hafi staðið öðruvísi að atvinnurekstri en gerist og gengur. Þar eð höfundur setur þessa spurningu á oddinn hefði hann að ósekju mátt reyna að svara henni á mun gagnrýnari og sjálfstæðari hátt en hann gerir í bókinni. Það er ekki marktækt að fá svör stjórnenda fyrirtækjanna í þessu máli. Aðalmunurinn hefur verið sá að öflugustu fyrirtækin hafa jafnan verið í eigu samtaka heimamanna en ekki einstaklinga. Þetta hefur haldið ákveðnum stöðugleika í atvinnumálum sem bezt sýndi sig þegar síldin brást og heimamenn gátu „svo að segja á augabragði, aðlagð atvinnulífið nýjum aðstæðum“ (237). Hitt orkar meira tvímælis hvort hægt sé að greina einhverja sérstaka verkalýðsvínáttu í rekstri fyrirtækjanna. Velvild verkafólks til fyrirtækjanna hefur hins vegar verið umtalsverð og útsjónarsemi rauðliðanna nýttist þeim vel sem atvinnurekendum: „Við héldum okkur fyrir utan atvinnurekendasamtökin og ... dönsuðum þess vegna lengi lausir og lentum ekki í verkföllum“, segir Lúðvík (239). Þeim hefur hentað vel að sitja

beggja megin borðsins. En er hægt að halda því fram að rekstur norðfirzkra fyrirtækja sé seld undir sömu lögmál og rekstur annarra af sama tagi (238), og gefa jafnframt í skyn að norðfirzk verklýðsbarátta lúti sérlögmálum (239)? Hér hefði verið forvitnilegt að fá skýringar á því hvers vegna afstaða Verkalýðsfélags Norðfirðinga í vinnudeilum „hefur oft verið umdeild innan verkalýðs-hreyfingarinnar“ (239).

Þrátt fyrir þessar takmarkanir bókarinnar, þá stendur hitt upp úr að lestri loknum hversu skemmtileg hún er og lipurlega samin. Vel valdar myndir eru margar og auka þær mjög á gildi bókarinnar. Örfáa galla hnaut ég um og villur í bókinni og skal ég nefna fáein dæmi. Lesandinn var ekki alltaf nægilega vel minntur á tímann; það kemur t.d. ekki fram hvenær Gunnar Ólafsson kemur fyrst til Norðfjarðar (258). Svigagreinar á bls. 83 og 226 finnast mér að hefðu farið betur neðanmáls. Bjarni Þórðarson er nefndur Björn í myndatexta á bls. 277. Þá finnst mér vera lítill greiði við lesendur að skýra staðsetningu frystihúss kaupfélagsins með því að segja að það hafi verið „þar sem Magni Kristjánsson (Nes h/f) rak frystingu um tíma“ (210). En að langmestu leyti er frásögnin einkar skýr og lífleg og verður aldrei þurr. Bezt þykir mér Helga takast upp þegar hann er að lýsa norðfirzkum bæjarbrag og honum sjálfum skýtur upp sem strák á Norðfirði. Slíkum stemningum bregður líka fyrir í frásögnum ýmissa heimildarmanna, ekki síst í æskuminningum Jóhannesar Stefánssonar. Þær snerta einhvern streng í norðfirðingssálinni sem er handan við alla flokkadrætti og dægurþras, minna á bernskubæinn í öllum regnbogans litum

Vilhjálmur Árnason